



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Nefndarsvið Alþingis,  
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,  
sent rafrænt.**

Reykjavík, 8. maí 2024.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 (samfélagsþjónusta og reynslulausn). Þingskjal 1374 – 928. mál.**

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu (LRH) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Lögreglustjóri vill hins vegar koma á framfæri tillögu að breytingu á lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga (fullnustulög) með það að markmiði að gera störf lögreglu skilvirkari. Tillagan lýtur að því að gera lögreglustjórum heimilt að ráða til starfa fangaverði í starfsemi lögreglu en skv. núgildandi lögum er slíka heimild einungis að finna til handa fangelsismálayfirvöldum sbr. 8. gr. laganna.

Hjá LRH eru fangageymslur þar sem heimilt er að vista einstaklinga í allt að 24 tíma í samræmi við ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996 og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í starfsemi LRH er fangageymsla að Hverfisgötu, þar sem flestir klefar eru til umráða, en þar eru lögreglumenn að störfum auk almennra starfsmanna sem sinna fangavörslu. Allan sólarhringinn er svo starfandi varðstjóri í fangageymslum sem ber ábyrgð á fangageymslunni hverju sinni.


Í október 2020 gaf OPCAT- eftirlit umboðsmanns Alþingis út skýrslu um athugun eftirlitsins á vistun einstaklinga í fangageymslu LRH að Hverfisgötu, aðbúnaði þar og almennu verklagi og starfsháttum lögreglu við vistunina. Í skýrslunni voru að finna ábendingar og tilmæli um hvað mætti betur fara en í kjölfarið var farið í mikla vinnu hjá embættinu við að mæta þeim athugasemdum sem komu frá nefndinni. Var meðal annars farið í miklar framkvæmdir á fangageymslunum sjálfum, innleitt var ástandsmat handtekinna einstaklinga og áhættumat á sjálfskaða auk þess sem settar voru nýjar verklagsreglur um fangageymslur embættisins nr. LRH176 í maí 2021. Eftir standa fáar en mikilvægar ábendingar sem mikilvægt er að bregðast við.

Ein slík ábending lýtur að menntun og stöðu þeirra almennra starfsmanna sem sinna verkefnum í fangageymslum. Fyrir liggur að einungis lögreglumenn hafa heimild til valdbeitingar og þar með þeir einu sem eru til þess bærir að sinna t.a.m. öryggisleit. Til þess að nýta mannafla lögreglu á sem skilvirkastan hátt er því hér lagt til að lögreglustjórum verði gert heimilt að ráða sérstaka fangaverði sem gætu sinnt þeim hluta starfsins einnig.

Fangaverðir lögreglu gætu þannig fengið sömu menntun og uppfyllt sömu hæfisskilyrði og fangaverðir fangelsa í samræmi við ákvæði fullnustulaga. Með því væri hægt að fela almennum starfsmönnum í fangageymslum að sinna stærri hluta af þeim verkefnum sem fyrir hendi eru í fangageymslum á meðan starfskraftar menntaðra lögreglumanna væru notaðir með skilvirkari hætti.

Með vísan til þess sem hér hefur komið fram leggur embættið til að breyting verði gerð á t.d. 8. gr. laga nr. 15/2016 þar sem lögreglustjórum verði veitt heimild til þess að ráða til starfa fangaverði í starfsemi lögreglu.

Virðingarfyllt,



Margrét Kristín Pálsdóttir,  
yfirlögfræðingur LRH.